



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
Sölvhólgötu 7
101 Reykjavík

Reykjavík 12. ágúst 2020

2006036SA GB/vrb
Málalykill: 00.64

Efni: Umsögn um reglugerð um skráningu einstaklinga

Vísað er til tilkynningar í Samráðsgátt dags. 25. júní sl. þar sem óskað er eftir umsögnum um drög að reglugerð um skráningu einstaklinga.

Að mati sambandsins er afar jákvætt að verið sé að leggja upp með rafræna skráningu og rafræna útgáfu vottorða. Sambandið vill þó vekja athygli á því að samkvæmt 12. gr. er ekki hægt að veita umboð með rafrænum hætti til að fá vottorð afhent á pappír. Æskilegt er að hægt sé að veita slíkt umboð einnig á rafrænan hátt t.d. þannig að einstaklingur geti skráð sig inn á island.is, veitt umboð þar og staðfest það með undirskrift með rafrænum skilríkum en þá ætti ekki að vera þörf fyrir votta. Sambandið gerir að öðru leyti ekki efnislegar athugasemdir við reglugerðardrögin en vill þó minna á að í athugasemdum með frumvarpi er varð að lögum nr. 140/2019 um skráningu einstaklinga segir:

„Í ráðuneytinu er áformað að setja á fót vinnuhóp sem mun hafa það hlutverk að greina samfélagslegan ávinning af því að upplýsingar úr þjóðskrá og öðrum grunnskram stofnunarinnar verði gjaldfrjálssar. [...] Ráðuneytið gerir ráð fyrir að skýrsla um samfélagslegan ávinning af afnámi gjaldtöku liggji fyrir innan þriggja ára frá samþykkt þessa frumvarps.“

Í umsögn sambandsins um frumvarpið til allsherjar- og menntamálanefndar er tekið undir mikilvægi þess að fyrrgreind vinna fari af stað sem fyrst. Sambandið er þeirrar skoðunar að aðgangur að grunnskrá ríkisins, þjóðskrá, ásamt aðgangi að fasteignamati eigi að vera án endurgjalds enda hafa skrárnar að geyma upplýsingar sem eru sveitarfélögum nauðsynlegar til að sinna lögbundnu hlutverki sínu.

Þá áréttar allsherjar- og menntamálanefnd í nefndarálitinu sínu mikilvægi þess að gerð verði úttekt á því hvaða fyrirkomulag sé best til þess fallið að fjármagna stofnunina en í álitinu segir:

„Í 20. gr. frumvarpsins kemur fram að Þjóðskrá Íslands og Tryggingastofnun standi straum af árlegum kostnaði við rekstur þjóðskrár. Meiri hlutinn bendir á að aðrar ráðstafanir gætu hentað betur því að fyrirhugað er samkvæmt greinargerð með frumvarpinu að setja á fót vinnuhóp í því skyni að greina samfélagslegan ávinning af því að upplýsingar úr þjóðskrá og öðrum grunnskram stofnunarinnar verði gjaldfrjálssar. Meiri hlutinn telur brýnt að gerð verði úttekt á því hvaða fyrirkomulag sé best til þess fallið að fjármagna stofnunina, þ.e. hvort fjármögnun skuli byggð eingöngu á fjárlögum, gjaldtöku eða hvoru tveggja.“

Í ljósi framangreinds hvetur sambandið til þess að umræddur vinnuhópur verði settur af stað sem allra fyrst og er að sjálfsögðu reiðubúið að taka þátt í þeirri vinnu.

Sambandið vill að lokum einnig vekja athygli á því að sveitarfélög hafa mikinn hag af því að fá upplýsingar um nýja íbúa í sveitarfélaginu og þá sérstaklega þegar um er að ræða erlenda ríkisborgara. Til þess að sveitarfélög geti þjónustað nýja íbúa sem best og upplýst íbúa um bæði lögbundna og valkvæða þjónustu þurfa sveitarfélög að fá reglulega upplýsingagjöf um nýskráningar. Er þetta sérstaklega mikilvægt þegar um er að ræða erlenda ríkisborgara en reynslan hefur sýnt að sá hópur þekkir ekki eins vel til þeirra réttinda og þjónustu er þeir eiga rétt á. Að auki er mikilvægt að ríki og sveitarfélög starfi saman að því að upplýsa einstaklinga er flytja af landi brott um mikilvægi þess að skila inn skattframtali og skrá sig úr landi. Sambandið hvetur því til þess að Þjóðskrá taki upp samtal við sambandið og Skattinn um hvernig best sé að tryggja að einstaklingar sannarlega skrái sig úr landi þegar það á við og að við skráningu úr landi sé upplýst um möguleika þess að skila skattframtali um leið.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri